

Fundargerð

10. fundur í fræðslu og menningarnefnd, haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn 3. maí kl. 17:00.

Mætt: Guðni Örn Hauksson, Jóhannes Jónsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Hilma Steinarsdóttir, Soffía Björgvinsdóttir sem er nýr nefndarmaður úr Svalbarðshreppi.

Dagskrá.

1. Mál. Skýrsla skólastjóra.

Arnar sagði frá skólastarfi liðnar vikur, próf hefjast n.k. mánudag og skólaferðalög að þeim loknum. Skólalok verða 29. maí og skólaslit í kirkjunni 31. maí. Laxnesverðlaun verða veitt 2 nemendum við skólaslit, en það eru verðlaun sem eru afhent í einum grunnskóla landsins á hverju ári, nú í þriðja sinn. Lestrar- skriftar og stærðfræðiátak hefur verið í gangi með þökkalegum árangri, stærðfræðiátakið þó slakast vegna tímasetninga, sitt hvoru megin við próf.

2. Mál. Skýrsla leikskólastjóra.

Steinunn sagði frá opnum dögum á Barnabóli í apríl þar sem foreldrar mættu á ýmsar uppákomur t.d. leiksyningu sem börnin settu upp. Sumarlokun leikskólans hefst 23. júlí verður í 4 vikur. Elsti árgangurinn hefur verið í skólaheimsóknnum í grunnskólanum en þeim er lokið og fara þau nú vikulega í íþróttahúsið. Biðlistar sem voru í vetur eru út sögunni þar sem færri börn eru í elsta árganginum. Slæm umgengni eldri barna á leikskólalóðinni utan starfstíma leikskólans rædd talsvert og ætlar Steinunn að leita leiða til úrbóta.

3. Mál. Innsend erindi v. nemanda.

Samþykkt að færa afgreiðslu málsins í trúnaðarmálabók.

4. Mál. Eftirfylgni.

- Staða viðhaldsmála Grunnskólans á Þórshöfn. Arnar rakti stöðu viðhaldsmála.
- Tónlistarskóli, tillögur. Málið rætt og er í vinnslu.
- Starfsmannamál næsta vetur. Bárður hættir og Ragnar Skúlason kemur í hans stað. Allir aðrir óskuðu eftir endurráðningu.
- Fræðslufyrirlestur.

5. Mál. Fyrirkomulag og skilvirkni funda hjá ráðinu.

6. Mál. Önnur mál.

Arnar og Anna lögðu fram sérkennsluáætlun fyrir næsta vetur.

Fjarnám: Samþykkt að fela Sigurði Ragnari að kanna alla möguleika á framhaldsskóla deild á Þórshöfn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:40.

Sigurður Ragnar Kristinsson, ritari.